

Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Innanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **06.05.2016**
Málsnúmer: **IRR15090200**
Bréfalykill:

Efni: Framkvæmdir við Bæjarbryggju á Siglufirði

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 25. apríl var fjallað um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2018 með fulltrúum innanríkisráðuneytisins og Vegagerðarinnar. Óskaði nefndin eftir minnisblaði um framkvæmdir við Bæjarbryggju á Siglufirði, upplýsingar um feril þeirra, forgangsörðun og það mat sem lagt var til grundvallar flýtingu framkvæmda.

Hafnasjóðir landsins eru almennt sjálfstæðar rekstrareiningar og eru verkkaupar með einni undantekningu, sem er Landeyjahöfn en hún er í eigu ríkisins. Hafnasjóðir hafa því fullar heimildir til þess að kaupa inn eða ráðast í framkvæmdir á eigin forsendum. Reglan er sú að framkvæmdir verða styrkhæfar við að vera teknar á samgönguáætlun. Samkvæmt verklagsreglum við framkvæmd hafnalaga eru framkvæmdir ekki styrktar eftir á.

Síðasta samþykkt fjögurra ára samgönguáætlun var fyrir árin 2011–2014. Í þrjú skipti hafa þingsályktunartillögur verið lagðar fram um samgönguáætlun en ekki verið afgreiddar frá Alþingi utan þeirrar sem nú er til meðferðar á Alþingi. Við ákvörðun framkvæmda hvers árs undanfarið hefur Vegagerðin stuðst við fjárlög og framlagðar en ósamþykktar áætlanir. Fjárhagsrammi til hafnaframkvæmda er takmarkaður og hefur ekki aukist þrátt fyrir samþykkt Alþingis á lögum til breytinga á hafnalögum þar sem mun fleiri framkvæmdir urðu styrkhæfar en áður.

Endurbygging Bæjarbryggju kom fyrst inn á samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Hafnarsjóðurinn ákvað að fresta framkvæmdinni og fara í kostnaðarminni framkvæmdir við endurskoðun á samgönguáætlun 2005–2008. Verkið kom inn á tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun 2015–2018 við endurskoðun hennar sem var lögð fram á 144. löggjafarþingi á síðast liðnu ári. Þingsályktunartillagan var ekki afgreidd og í tillögu að samgönguáætlun sem nú er til meðferðar á 145. löggjafarþingi Alþingis er aftur sett fram tillaga um verkið.

Hafnarsjóður Fjallabyggðar keypti bryggjuþil 2015 og er verkkaupi. Ríkiskaup bauð út innkaupin en Vegagerðin hannaði verkið og hafði umsjón með útboðinu á þilinu fyrir hönd hafnarsjóðsins. Það var ákvörðun hafnarstjórnar að flýta framkvæmdum. Bæjarbryggjan er orðin um 55 ára gömul, hættuleg að mati Vegagerðarinnar og úrbætur brýnar. Bryggjan er aðallöndunarbyggja Siglufirðinga og mikilvægt að hún geti áfram nýst sem slík. Styrkhæfni verkefnisins féll niður við breytingar á hafnalögum árið 2003 sem tóku gildi 2008 en komu til framkvæmda 2012. Framkvæmdirnar urðu svo aftur styrkhæfar með breytingum á hafnalögum 16. des 2014.

Á fjárlögum 2016 eru veittar 100,4 mkr. í endurbyggingu Bæjarbryggju. Í tillögu að þingsályktun að samgönguáætlun 2015-2018 sem var lögð fram á 144. löggjafarþingi var lagt

til að veita 136,3 mkr. í verkið.